

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. **Vogatunga:** Niðurlag 6. töluliðar auglýsingar um umferð í Kópavogi frá 30. desember 1971 breytlist þannig, að í stað orðanna „Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda)“ komi: „Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda)“.
2. **Skeljabrekka:** Bann við innakstri í norður á Hafnarfjarðarveg frá Skeljabrekku (rétt sunnan eystri brúar við Nýbýlaveg). Umferð um Dalbrekku til norðurs víki fyrir umferð úr Skeljabrekku inn á Dalbrekku samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
3. **Borgarholtsbraut:** Bann við vinstri beygju af Borgarholtsbraut til norðurs að tengivegi Hafnarfjarðarvegar (vestan brúar). Einstefna verður um þann tengiveg til suðurs, þar til annað verður ákveðið. Heimilt er að aka af Borgarholtsbraut til norðurs eftir götuslóða austan kirkjuhólts. Einstefna verður um þann götuslóða til norðurs.
4. **Tengivegur milli Digranesvegar og Hafnarfjarðarvegar:** Umferð um tengiveg í norður (austan brúar) frá Digranesvegi víki fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda). Einstefna til norðurs.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 1. október 1974.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að laun fyrir stundakennslu skuli vera sem hér segir í eftirtöldum launaflokkum stundakennara frá 1. sept. 1974 að telja:

Launafll.	Kr.
S. 1	629.58
S. 2	644.83
S. 3	589.91
S. 4	549.27
S. 5	497.78
S. 6	461.08
S. 7	426.15
S. 8	393.53